

## Fundargerð

37. stjórnarfundur FHA haldinn 15. júní, 2012 kl. 10:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Guðmundur Engilbertsson (GE), Guðmundur Óskarsson (GÓ), Hjördís Sigursteinsdóttir, Ólína Freysteinsdóttir (ÓF) og Vera Kristín Kristjánsdóttir (KÞ). Vera Kristín Kristjánsdóttir ritaði fundargerð .

Dagskrá:

1. Skipta verkum
  2. Hjördís Sigursteinsdóttir er formaður félagsins samkvæmt kosningu á aðalfundi. Stjórn skipti með sér öðrum verkum á eftirfarandi hátt: Guðmundur Kristján var kosinn til að gegna áfram hlutverki gjaldkera. Vera Kristín verður ritari. Rætt var um hvort skipa ætti varaformann en ákveðið var að bíða með það til haustsins.
  3. Bréf frá siðanefnd
  4. Siðanefnd leggur til að námskeiðsmati verði breytt á þann hátt að athugasemdir frá nemendum verði birtar undir nafni en ekki nafnlausar eins og nú er. Ljóst er að þessar athugasemdir geta oft á tíðum verið meiðandi fyrir kennara. En við höfum ákveðnar efasemdir um að kennari sjái athugasemdirnar frá nemendum, gæti það hugsanlega haft áhrif á samstarf viðkomandi nemenda og kennara í framtíðarkúrsum. Betra væri að svör væru rekjanleg, og þá af yfirmanni en ekki af kennaranum sjálfum. Taka ætti fram í upphafi á námskeiðsmati að svör séu rekjanleg.
- 3 Önnur mál  
Ályktun frá BHM kynnt, þess efnis að skora á menntamálaráðherra að auka fjárlög til háskóla þar sem þau eru lægst hér á landi af OECD löndunum.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 11:40  
Vera Kristín Kristjánsdóttir, fundarritari.